

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 648/1995, um réttindi og skyldur manna, sem dveljast erlendis við nám, skv. ákvæðum laga um opinber gjöld.

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

a. Í stað orðanna „75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt“ í 1. mgr. kemur: 90/2003, um tekjuskatt.

b. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Nám í skilningi reglugerðar þessarar skal hefjast innan þriggja mánaða frá flutningi til útlanda.

c. Á eftir orðinu „viðurkenndri“ í 3. mgr. kemur: erlendri.

d. Í stað orðanna „enda sé námið ætlað sem aðalstarf“ kemur: enda sé námið fullt starf.

e. Á eftir orðinu „menntaskólum“ í 5. mgr. kemur: „lýðháskólum“.

### 2. gr.

Í stað orðanna „3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.“ í 2. gr. reglugerðarinnar kemur: 3. mgr. 62. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

### 3. gr.

2. másl. 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Skattframtal skal senda skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir voru síðast skattskyldir fyrir brottflutning með upplýsingum um allar tekjur, hvar sem þeirra er aflað.

### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 69. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 1. júlí 2008.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

---

*Ingibjörg Helga Helgadóttir.*